



Kópavogsbær

Framgangur aðgerða í aðgerðaráætlun menntastefnu Menntasviðs 2025

Menntaráð

20. janúar 2026

Skjal sótt af '00000000000' dags: 20.08.2026



M.1 Námsumhverfi sem tekur mið af getu hvers og eins, stuðlar að framförum, vellíðan og skilningi á samfélagi og umhverfi

Aðgerð 1: Eftirfylgni með gerð og/eða endurskoðun læsisstefnu í skóla-, frístunda- og félagsmiðstöðvastarfi menntasviðs. Læsisstefnur yfirfarnar af leikskóladeild og grunnskóladeild til að tryggja að þær standist samþykkt viðmið.

Mælanlegt markmið: Tryggja að allir skólar endurskoði læsisstefnu með tilliti til samþykktra viðmiða fyrir árslok 2025 og nýti hana í starfi sínu ásamt frístundum og félagsmiðstöðvum.

Framgangur aðgerðar: Lokið hefur verið við gerð *Áætlunar um læsi í skóla- og frístundastarfi*. Allar félagsmiðstöðvar, frístundir, leikskólar og grunnskólar fengu bækling sem inniheldur mælikvarða, mælitæki, aðgerðir og viðmið til að nýta við endurskoðun læsisstefnu. Skólar eru nú að ljúka endurskoðun læsisstefnu og hafa samhliða eftt fræðslu til foreldra um mikilvægi læsis og hlutverk þeirra í læsi barna. Að auki hefur verið ráðist í þróunarverkefni milli skólastiga um innleiðingu K-PALS (*Kindergarten – Peer Assisted Learning Strategies*, félagalæsi) og PALS (*Peer Assisted Learning Strategies*, fyrir nemendur frá 1. bekk) til að efla læsi í skólastarfi).



M.1 Námsumhverfi sem tekur mið af getu hvers og eins, stuðlar að framförum, vellíðan og skilningi á samfélagi og umhverfi

Aðgerð 2: Greina og endurmeta innleiðingu *Góðs grunns* og kynna verkefnið fyrir grunnskólum Kópavogs.

Mælanlegt markmið: Tryggja að grunnskólar Kópavogs hafi fengið kynningu á aðferðafræði *Góðs grunns* eftir greiningu og endurmat.

Framgangur aðgerðar: Gögnum var safnað frá grunnskólum Kópavogs til að greina og endurmeta verkefnið. Aðgerðin heldur áfram á árinu 2026 og hefur verið gerð ný aðgerðaráætlun þar sem skilgreind verða gæðaviðmið og verklag fyrir verkefnið.

Aðgerð 3: Að koma á samræmdu verklagi um fyrirlögn og nýtingu skimana í leik- og grunnskólum og á milli skólastiga.

Mælanlegt markmið: Að það liggi fyrir samræmt verklag um nýtingu skimana (Efi, Hljóm-2, Lanis, Leið til læsis, Lesfimi (Matsferill), Millimálapróf) milli skólastiga í lok árs 2025.

Framgangur aðgerðar: Áætlun um skimanir í læsi og aðgerðaráætlun eru tilbúnar til birtingar í lok febrúar 2026. Stefnt verður á að setja upp vefsvæði fyrir upphaf næsta skólaárs sem starfsfólk leik- og grunnskóla getur nýtt sér.



M.1 Námsumhverfi sem tekur mið af getu hvers og eins, stuðlar að framförum, vellíðan og skilningi á samfélagi og umhverfi

Aðgerð 4: Halda áfram innleiðingu réttindaleikskóla sem byggja á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, í samstarfi við Unicef.

Mælanlegt markmið: Að 75% leikskóla séu réttindaleikskólar eða hafa hafið innleiðingarferli réttindaleikskóla, í árslok 2025.

Framgangur aðgerðar: 70% leikskóla í Kópavogi hafa hafið innleiðingarferli réttindaleikskóla, þar af 7 leikskólar sem hlotið hafa viðurkenningu Unicef og 7 eru í innleiðingarferli. Í dag eru 14 af 20 leikskólum að vinna eftir nálgun réttindaleikskóla.

Aðgerð 5: Allir grunnskólar hafa hafið innleiðingu Réttindaskóla/frístund/félagsmiðstöð fyrir lok árs 2025.

Mælanlegt markmið: Allir grunnskólar í Kópavogi hafa hafið innleiðingakerfi fyrir réttindaskóla UNICEF fyrir árslok 2025.

Framgangur aðgerðar: Álfhólsskóli, Kópavogsskóli, Lindaskóli, Snælandsskóli, Vatnsendaskóli eru allir komnir með viðurkenningu Unicef sem réttindaskóli, réttindafrístund og réttindafélagsmiðstöð. Smáraskóli, Kársnesskóli, Barnaskóli Kársness, Kóraskóli og Hörðuvallaskóli eru mislangt komnir í innleiðingu. Salaskóli er UNESCO skóli, og hefur því ekki hafið innleiðingu enn sem komið er.



M.1 Námsumhverfi sem tekur mið af getu hvers og eins, stuðlar að framförum, vellíðan og skilningi á samfélagi og umhverfi

Aðgerð 6: Ljúka innleiðingu á „Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla“ sem Menntamálastofnun (núverandi Miðstöð) gaf út, í öllum leikskólum Kópavogs.

Mælanlegt markmið: Styðja við fjölbreytt leikskólastarf sem styður við framfarir barna í íslensku með því að klára innleiðingu hæfniramma fyrir fjöltyngd börn í leikskólum Kópavogsbæjar fyrir árslok 2025.

Framgangur aðgerðar: Hæfnirammur eru nýttir fyrir flest öll börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í leikskólum Kópavogs. Til að styðja enn frekar við verkefnið hefur verið stofnað lærdómsfélag tengiliða barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.



M.2 Snemmtækur stuðningur, forvarnir og fræðsla fyrir börn og foreldra

Aðgerð 1: Innleiðingarteymi farsældar vinnur fræðslu- og endurmenntunaráætlun um farsældarlögin, verkefni, hlutverk og ábyrgð sem fylgja fyrir upphaf skólaárs 2025.

Mælanlegt markmið: Að tryggja þekkingu starfsfólks leik- og grunnskóla á farsældarlögunum og sínu hlutverki gagnvart þeim.

Framgangur aðgerðar: Unnin hafa verið drög að fræðslu – og endurmenntunaráætlun. Samráð var haft við stjórnendur og tengiliði farsældar í leik- og grunnskólum, drög að áætlun kynnt fyrir þeim og óskað eftir ábendingum. Niðurstaðan var að útbúa þyrfti fræðsluefni í tengslum við áætlunina og útgáfu hennar því frestað til árs 2026.

Aðgerð 2: Ljúka vinnu við innleiðingu um viðmið um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni í skóla- og frístundastarfi.

Mælanlegt markmið: Tryggja að allir grunnskólar í Kópavogi hafi uppfært forvarnaráætlanir með hliðsjón af viðmiðum um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni í skóla og frístundastarfi fyrir lok árs 2025.

Framgangur aðgerðar: Samræmd viðmið um fræðsluefni og verkefni um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni í skóla og frístundastarfi er hluti af forvarnaráætlun grunnskóla fyrir öll skólastig 1.-4.bekkur, 5.-7.bekkur og 8.-10.bekkur. Horft var sérstaklega til viðmiða um fræðsluefni og verkefni fyrir nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, ásamt því að aðlaga viðmiðin að nemendum með stuðningsþarfir.



M.2 Snemmtækur stuðningur, forvarnir og fræðsla fyrir börn og foreldra

Aðgerð 3: Innleiða aðgerðaráætlun gegn ofbeldi í stofnunum menntasviðs.

Mælanlegt markmið: Að skólar, frístundir og félagsmiðstöðvar vinni eftir ákveðnum aðgerðum í aðgerðaráætlun gegn ofbeldi í stofnunum menntasviðs sem nær til ársins 2026.

Framgangur aðgerðar: Á árinu 2025 var unnið að gerð fræðsluáætlunar fyrir starfsfólk frístundastarfs (Hrafningsins) sem sinnir börnum með stuðningsparfir. Áætlunin tekur mið af forvörnum og verkferlum sem tengjast ofbeldi meðal barna. Fræðsluáætlunin verður gefin út í upphafi árs 2026.

Samræmd viðmið um fræðsluefni og verkefni um forvarnir gegn einelti í skóla- og frístundastarfi voru unnin sem hluti af forvarnaráætlun grunnskóla fyrir öll skólastig: 1.–4. bekk, 5.–7. bekk og 8.–10. bekk. Sérstök áhersla var lögð á að þróa viðmið sem taka tillit til nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, auk þess að aðlaga þau að þörfum nemenda með stuðningsparfir.

Í samstarfi við formenn forvarnarteyma í hverjum grunnskóla var unnið markvisst að kynningu á Tákni barnaverndar í spjaldtölvum grunnskólanemenda. Kynningin náði til allra nemenda í 1.–10. bekk bæði að hausti og vori.



M.2 Snemmtækur stuðningur, forvarnir og fræðsla fyrir börn og foreldra

Aðgerð 4: Að koma á samræmdum sáttmála um símanotkun á skólatíma í grunnskólum Kópavogs.

Mælanlegt markmið: Samræmdur sáttmáli um símanotkun á skólatíma fyrir grunnskóla Kópavogs liggi fyrir í lok árs 2025.

Framgangur aðgerðar: Áætlað er að aðgerðinni ljúki á fyrstu mánuðum nýs árs 2026 en þá verður unnið úr niðurstöðum kannanna sem sendar voru út til foreldra, nemenda og fagfólks í grunnskólum. Drög að sáttmála verður sendur út til umsagnar í menntaráði, ungmennaráði og í skólasamfélagi grunnskólanna.



M.3 Samráð, samvinna, starfsþróun og starfsaðstaða

Aðgerð 1: Gera heildstæða áætlun um fræðslu foreldra í Kópavogi sem byggir á greiningu á gögnum um þarfir foreldrafræðslu.

Mælanlegt markmið: Tryggja að heildstæð fræðsluáætlun fyrir foreldra í Kópavogi liggi fyrir í byrjun árs 2026 og að sú áætlun byggji á greiningu á gögnum um þarfir foreldrafræðslu.

Framgangur verkefnis: Unnin verður að kortlagningu á fræðslu til foreldra í leik- og grunnskólum Kópavogs. Það er í skoðun að senda út kannanir til fulltrúa foreldra (SAMKÓP) annars vegar og hins vegar til skólastjórnenda í leik- og grunnskólum. Þegar niðurstöður þeirra kannana liggja fyrir verður unnin heildstæð fræðsluáætlun.



M.4 Menntun með áherslu á gleði, leik og sköpun

Aðgerð 1: Innleiða fyrsta áfangaáætlunar um snjallvæðingu í skóla- og frístundastarfi.

Mælanlegt markmið: Fyrsti áfangi áætlunar um snjallvæðingu í skóla- og frístundastarfi sé lokið fyrir lok árs 2025.

Framgangur aðgerðar: Búið er að gera áætlun fyrir 1. áfanga heildaráætlunarinnar en í henni kemur fram stefnumótandi rammi fyrir þróun og innleiðingu upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi í Kópavogi fyrir árin 2025–2030. Áætlunin er ekki einungis um innleiðingu tæknilausna heldur einnig leiðarvísir um hvernig hægt er að efla samfélag sem byggir á ábyrgri notkun upplýsingatækni, auknu jafnvægi og stöðugri nýsköpun í mennta- og frístundastarfi.



M.4 Menntun með áherslu á gleði, leik og sköpun

Aðgerð 2: Gera viðmið um notkun gervigreindar í grunnskólum Kópavogs.

Mælanlegt markmið: Að til staðar séu viðmið um notkun gervigreindar fyrir nemendur grunnskóla Kópavogs í lok árs 2025.

Framgangur aðgerðar: Menntasvið Kópavogs í samstarfi við Garðabæ, Reykjavík og Hafnarfjörð hefur unnið að viðmiðum um notkun gervigreindar í skólastarfi. Grunnverkfærið fyrir skólastarf er gervigreindarforritið Google Gemini. Viðmiðin fylgja kröfum Persónuverndar um örugga notkun gervigreindar með nemendum. Útgáfa og birting er væntanleg í janúar 2026.



M.4 Menntun með áherslu á gleði, leik og sköpun

Aðgerð 3: Móta og gefa út viðmiðunarnámskrá um fræðslu í stafrænni borgaravitund fyrir skóla- og frístundastarf fyrir júní 2025.

Mælanlegt markmið: Viðmiðunarnámskrá um fræðslu í stafrænni borgaravitund fyrir skóla- og frístundastarf liggi fyrir í júní 2025.

Framgangur aðgerðar: Vefurinn **Vitundin.is** var opnaður við formlega athöfn 9.október 2025. Vefurinn er afrakstur samstarfs- og þróunarverkefnis allra grunnskóla í Kópavogi og grunnskóladeildar Kópavogsbæjar, Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu, Langholtsskóla og Common Sense Education. Vefurinn miðar að því að styrkja börn og ungmenni með því að kenna þeim þá hæfni og þekkingu sem þau þurfa til að læra og taka virkan þátt í hinu stafræna samfélagi nútímans.



M.4 Menntun með áherslu á gleði, leik og sköpun

Aðgerð 4: Úttekt á skólabókasöfnum í grunnskólum og tillögur um eflingu þeirra settar fram í ljósi úttektar.

Mælanlegt markmið: Tillaga um eflingu bókasafna í grunnskólastarfi liggi fyrir í desember 2025.

Framvinda aðgerðar: Á vormánuðum var farið í vettvangsferðir í alla leikskóla og grunnskóla í Kópavogi þar sem framkvæmd var úttekt á bókasöfnum. Í heimsóknunum var farið yfir bókakost og rætt hvernig best væri að efla bókasöfnin sem griðastað fyrir lestur, læsi og fjölbreytt námstækifæri fyrir börn og ungmenni. Í kjölfar úttektarinnar voru lagðar fram tillögur um eflingu skólabókasafna og bókakosts.

Helstu niðurstöður úttektarinnar:

- Skólabókasöfn verða eflð og starfshlutfall bókasafnsfræðings jafnað milli allra grunnskóla í Kópavogi, þannig að í hverjum skóla sé það að lágmarki 75%.
- Fjárveiting til kaupa á bókakosti í öll skólabókasöfn Kópavogs verður aukin.
- Á árinu 2026 verður unnið að fræðslu til foreldra um mikilvægi lesturs og læsis fyrir öll börn.



M.5 Frístundir og íþróttir fyrir alla

Aðgerð 1: Koma á samræmdu verklagi um fræðslu, þjálfun og samstarfi á milli félagsmiðstöðva og frístunda í Kópavogi.

Mælanlegt markmið: Tryggja samræmt verklag um fræðslu og þjálfun í frístund og félagsmiðstöð í Kópavogi fyrir lok árs 2025.

Framgangur aðgerðar: Á árinu 2025 voru mótuð drög að sameiginlegu verklagi sem nær yfir fræðslu, þjálfun og samstarf milli félagsmiðstöðva og frístunda í Kópavogi. Verklagið felur meðal annars í sér skipulagða skilafundi vegna barna í frístund eftir 4. bekk, þegar þau taka sín fyrstu skref í þátttöku í miðstigsstarfi félagsmiðstöðva. Aðgerðin stuðlar að auknu samtali og nánara samstarfi milli grunnskóladeildar og frístundadeildar, sem tryggir samfellu í þjónustu og betri stuðning við börn í frístundastarfi.

Aðgerð 2: . Móta verklag starfshóps sem hefur það hlutverk að auka framboð á íþróttagreinum og þátttöku fatlaðra barna í íþróttum í Kópavogi (Allir með)

Mælanlegt markmið: Auka framboð á íþróttagreinum um 2 greinar til að hvetja börn með fötlun til íþróttaiðkunar.

Framgangur aðgerðar: Í nóvember hóf Íþróttaskóli HK og Breiðabliks starfsemi sína í íþróttahúsi Digranes á sunnudögum og Breiðablik hóf á árinu knattspyrnuæfingar í Fífunni.



M.5 Frístundir og íþróttir fyrir alla

Aðgerð 3: Koma á heildrænni nálgun (Virgni og vellíðan og Leikfimi heima) sem hefur það markmið að koma á hreyfingu fyrir eldra fólk í Kópavogi.

Mælanlegt markmið: Líðan þátttakenda í Virgni og vellíðan aukist um 10% frá síðustu mælingum.

Framgangur aðgerðar: Verkefnið **Virgni og vellíðan** hefur skilað mælanlegum árangri og þróast með faglegri nálgun. Árlegar mælingar á hreysti, velsæld og viðhorfum sýna að þátttakendur viðhalda og/eða bæta líkamlega og andlega heilsu. Þeir lýsa mikilli ánægju og sýna áframhaldandi þátttöku.

Samstarf við Háskólann í Reykjavík hefur styrkt framkvæmd verkefnisins og lagt grunn að nýjum lausnum, meðal annars heimaþjálfun sem þegar sýnir jákvæðar frumniðurstöður.

Þrátt fyrir áskoranir í þátttöku hjá ungmennaverkefninu **Virgni í Molanum** eru vísbendingar um að hugmyndafræðin geti nýst vel fyrir fleiri aldurshópa.



M.5 Frístundir og íþróttir fyrir alla

Aðgerð 4: Auka sýnileika og bæta aðgengi að þjónustu ráðgjafa ungmenna í gegnum Molann, miðstöð unga fólksins.

Mælanlegt markmið: Að ráðgjöf Molans verði sýnileg í gegnum app fyrir ungt fólk á aldrinum 16-25 ára.

Framgangur aðgerðar: Samningur hefur verið undirritaður við fyrirtækið Noona um innleiðingu bókunarkerfis hjá Ráðgjafa ungmenna í Molanum. Markmið samningsins er að tryggja skilvirka og örugga bókunarþjónustu vegna náms- og starfsþróunarmöguleika sem standa ungmönnum í Kópavogi til boða. Í tengslum við verkefnið hefur starfsfólk Molans kynnt starfsemina fyrir nemendum Menntaskólans í Kópavogi og nemendum í 10. bekk í grunnskólum Kópavogs.

Aðgerð 5: Fyrirlögn þjónustukönnunar meðal foreldra/forsjáraðila um gæði þjónustu í íþróttafélögum í Kópavogi.

Mælanlegt markmið: Þjónustukönnun til foreldra/forsjáraðila um gæði þjónustu í íþróttafélögum í Kópavogi liggi fyrir lok árs 2025.

Framgangur aðgerðar: Þjónustukönnunin (Íþróttapúlsinn) var framkvæmd af Kópavogsbæ í samstarfi við Gallup í maí/júní 2025 til að meta upplifun foreldra og forsjáraðila barna í grunnskólum Kópavogs á gæðum íþróttastarfs hjá íþróttafélögum bæjarins. Stefnt er á fyrirlögn næstu könnunar árið 2027.

Skjal sótt af '000000000000' dags: 20.08.2026

